

Verkefni: Aðalfundur Gígjunnar 2006
Dagsetning fundar: 29. apríl 2006
Tímasetning fundar: 14:00 - 15:30
Fundarstaður: Söngskólinn Domus Vox, Reykjavík

Stjórnarmenn Gígjunnar:

Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Formaður	Mætt
Erna Gísladóttir (EG)	Gjaldkeri	Fjarverandi
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Meðstjórnandi	Mætt
Fríða Albertsdóttir (FA)	Meðstjórnandi	Mætt
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Mætt

Eftirtaldir aðildarkórar Gígjunnar sendu fulltrúa sína til fundarins:

Freyjukórinn í Borgarfirði (Ásdís Helga Bjarnadóttir, Margrét Jóhannsdóttir).
Gospelsystur Reykjavíkur (Heiða Gunnarsdóttir, Inga S. Kristinsdóttir, Þórdís Linda Guðjónsdóttir).

Jórukórinn á Selfossi (Pálína Magnúsdóttir, Sigurlaug A. Sigurðardóttir, Guðrún Guðmundsdóttir).

Kvennakór Akureyrar (Helga Gunnlaugsdóttir, Aðalbjörg Sigmarsdóttir).

Kvennakór Garðabæjar (Halldóra Viðarsdóttir, María Vilhjálmsdóttir).

Kvennakór Hafnarfjarðar (Sigrún Óskarsdóttir, Friðbjörg Arnþórsdóttir).

Kvennakór Suðurnesja (Hildur Harðardóttir).

Kvennakórinn Ljósbrá (Heiðrún Ólafsdóttir).

Kvennakórinn Ymur (Valgerður Kr. Guðbjörnsdóttir, Jóna Kristinsdóttir).

Vox feminae (Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, Heiða Gunnarsdóttir, Inga S. Kristinsdóttir).

Kvennakórinn Kyrjur Reykjavík (Valgerður Grímsdóttir).

Aðrir fundarmenn: Margrét Bóasdóttir, verndari Gígjunnar.



Fundarmenn aðalfundar 2006

Fundarefni og niðurstöður fundar:

Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður Gíggunnar setti aðalfundinn og bauð fundargesti velkomna. Að þessu sinni var aðalfundur í beinu framhaldi af fræðslufundi þar sem Ásdís Ýr Pétursdóttir fjallaði um markaðssetningu kvennakóra og mikilvægi hennar. Ásdís Helga lagði það til að Heiða Gunnarsdóttir yrði ritari fundarins og Sigrún Óskarsdóttir fundarstjóri. Það var samþykkt og fundurinn hófst.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður Gíggunnar; Ásdís Helga Bjarnadóttir flutti ársskýrslu:

”Frá síðasta aðalfundi

Á aðalfundi Gíggunnar, 29. apríl 2005 urðu mannaskipti í stjórn. Inn komu Erna Gísladóttir frá Kvennakór Hornafjarðar, Margrét Rósa Grímsdóttir Kvennakór Reykjavíkur og Sigrún Óskarsdóttir Kvennakór Hafnafjarðar. Fyrir í stjórn voru Ásdís Helga Bjarnadóttir Freyjukórnum og Heiða Gunnarsdóttir Gospelsystur Reykjavíkur. Vegna anna gat Margrét því miður ekki verið með okkur en í hennar stað kom Fríða Albertsdóttir frá sama kór.

Á fundinum kom fram að næsta Landsmót kvennakóra verður haldið árið 2008 á svæði Kvennakórs Hornafjarðar en árið 2005 var það haldið í Hafnarfirði með eftirminnilegum hætti.

Á fundinum var einnig samþykkt að útnefna Margréti Bóasdóttur verndara Gíggunnar. Í því felst að verndarinn verður á tölvupóstlista stjórnar Gíggunnar og hefur rétt til að mæta á alla fundi hennar og upptakomur í framtíðinni. Hún mun vera sérlegur ráðgjafi Gíggunnar og hægri hönd stjórnar í þeim málum sem upp kunna að koma, sem og aðildakórum til stuðnings ásamt stjórn Gíggunnar.

Engar lagabreytingar voru gerðar og samþykkt var að hafa félagsgjaldið það sama og áður eða 200 kr á hverja kórkonu, sem miðast við félagafjölda um áramót.

Vetrarstarfið frá síðasta aðalfundi ***Aðildarumsóknir***

- Gígjan samþykkti umsókn Kyrjana um aðild að Landssambandinu í vetur. Kyrjurnar voru stofnaðar af stjórnanda kórsins Sigurbjörgu Hv. Magnúsdóttur og konum sem voru á söngnámskeiði hjá henni vorið 1997. Formaður Kyrjanna heitir Sigríður Yngvadóttir. Alls eru því 19 kvennakórar nú innan sambandsins. Nú með sumrinu verður farið yfir það hvaða kórar eru búnir að greiða árgjaldið. Þeir sem ekki eru búnir að greiða árgjaldið segja sig sjálfkrafa úr sambandinu.*

- *Gígjan – sótti um aðild að SAMNAM (Samráðet för Nordisk amatörmusik), sem eru norræn regnhlífasamtök áhugafólks um tónlist. Samtökin hafa það að markmiði að efla tónlistarflutning áhugamanna og efla menningartengsl og sérstöðu á Norðurlöndunum. Framtíðarverkefni SAMNAM er að koma stjórnvöldum í skilning um mikilvægi tónlistarflutnings áhugamanna, fá þau til að veita fjármagni til slíkra tónlistafélaga og halda þannig í tónlistararf sem mikilvægt er að varðveita og viðhalda í hverju landi fyrir sig. Undir samtökunum er m.a. samband norrænna kvennakóra.*
- *Gígjan hefur sótt um aðild að Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) og var umsóknin tekin fyrir þann 30. júní 2005. SFH eru samþykkir að veita Gígjunni aðild en til þess þarf að breyta lögum SFH. Nefnd hefur verið skipuð til að fara yfir lögina. Umsóknin verður því aftur tekin fyrir á aðalfundi SFH í vor – Margrét Bóasdóttir mun kynna stöðu málsins hér á eftir.*

Vefsetur Gígjunnar

- *Umsjónarmaður vefsetursins er Heiða Gunnarsdóttir ritari Gígjunnar. Vefsetrið var uppfært í haust og lagfært mikið. Þar eru nú að finna allar helstu upplýsingar um aðildakóra Gígjunnar og fréttir af starfi þeirra auk allra fundargerða stjórnar Gígjunnar. Fulltrúar aðildakóranna eru hvattir til að nýta sér þennan vettvang til miðlunar upplýsinga um uppákomur og starf þeirra.*
- *Nú í vetur náðum við samkomulagi við Íslensku Tónverkamiðstöðina í Reykjavík, um að hafa tengil á heimasíðu okkar yfir á heimasíðu þeirra. Á síðu miðstöðvarinnar er listi yfir þau lög og tónverk fyrir kvennakóra sem Tónverkamiðstöðin hefur til sölu. Auk þess náði samkomulagið til vistunar laga sem Gígjan hefur flutningsrétt á inni á sérstöku vefsvæði hjá Tónverkamiðstöðinni. Með ákveðnu lykilorði munu allir aðildarkórar Gígjunnar fá þar aðgang og geta prentað út lögina sér að kostnaðarlausu. Í upphafi munu verða þar lög sem samin hafa verið, eða útsett fyrir Landmót íslenskra kvennakóra og lög sérstaklega samin fyrir ákveðna kóra, en stefnt er að því að koma upp upplýsingum og vönduðum netbanka með lögum fyrir kvennakóra. Nótanefnd Gígjunnar er nú að safna saman tónverkum og útsetningum – og fá leyfi til að vista þau í þessum grunni. Öll aðstoð frá aðildakórum er því vel þegin í þessum efnum.*

Fræðslustarf

- *Fréttabréf – Fréttabréf var póstsent frá Gígjunni á alla aðildakóra og gert aðgengilegt á heimasíðunni. Þar var fjallað um helstu verkefni stjórnar Gígjunnar. Netútgáfa(tölvupóstur) var einnig send út þannig að forsvarsmenn kóranna gætu áframsent fréttirnar á sína félagsmenn – eða bent á aðgengi þess á heimasíðu Gígjunnar.*
- *Geisladiskautgáfa - Stjórn Gígjunnar hefur safnað saman upplýsingum um geisladiskautgáfu íslenskra kvennakóra. Yfirlitið má*

finna á heimasíðu Gíggjunnar undir link hægra megin á síðunni sem kallast "Útgáfa". Félagsmenn eru hvattir til að láta Gíggjunnna vita ef kórarnir eru að gefa út diska með tónlist sinni.

- *Saga landsmóta – Stjórn Gíggjunnar hefur leitað eftir upplýsingum um Landsmót kvennakóra í gegnum tíðina. Markmiðið er að gefa yfirlit með helstu upplýsingum um mótshaldið á heimasíðu Gíggjunnar, sem þannig gæti nýst næstkomandi mótshöldurum. Það mál er enn í vinnslu.*
- *Fjölís - Stjórn Gíggjunnar hefur hvatt aðildakóra sína til að kynna sér samningsdrög við Fjölís, en upplýsingar um samninginn ásamt ítarlegri greinargerð var birt í síðasta fréttabréfi Gíggjunnar. Fundað hefur verið með Fjölís og farið yfir samningsdrögin miðað við að aðlagja þau að starfi kvennakóra. Inni á heimasíðu Gíggjunnar má finna þau drög sem lagt var upp með fyrir karlakóra en um leið og búið er að fara yfir samningsdrögin aftur verða þau aðgengilega á síðunni. Til að ljósrita nótur og texta löglega er nauðsynlegt að hver kór semji við Fjölís og leggi fram þær upplýsingar sem óskað er eftir. Með samningnum er þannig fengin heimild til þess að ljósrita allt efni samkvæmt skilmálum án þess að leita réttar hjá hverjum höfund eða rétthafa viðkomandi efnis. Að jafnaði er gert ráð fyrir að um 30 síður séu ljósritaðar á hverja kórkonur yfir árið og er kostnaður við hverja síðu með afslætti til kóra um 26,6 kr. Gjöldin renna, m.a. í Tónmenntasjóðs STEFS sem m.a. hvetur til nótnaframleiðslu fyrir höfunda og rétthafa.*
- *Fyrirlestur – Gíggjan stóð fyrir auglýstum fyrirlestri fyrir aðalfundinn með Ásdísi Ýr Pétursdóttur, markaðsstjóra Bakkavarar. Stór þáttur í starfi kóra er að koma sér á framfæri og kynna starfsemina. Þess vegna var ákveðið að bjóða uppá fyrirlestur sem gæti á einhvern hátt komið inná þá þætti í starfi aðildakóra Gíggjunnar.*

Annað

- *Gíggjan sendi hamingjuóskir til Léttisveitar Reykjavíkur sem hélt uppá 10 ára starfsafmæli og frumsýndi kvikmynd í bíósölum landans um íslenskt kvennakórarstarf.*
- *Auk þess var erindum svarað sem bárust í gegnum heimasíðu Gíggjunnar frá félagsmönnum, áhugfólki um að komast í kvennakóra og erlendum aðilum sem áhuga höfðu á tengslum við Gíggjunnna eða aðildakórum Landssambandsins.*

Framundan

Framundan er áframhaldandi starf við heimasíðuna þar sem við biðjum kórkonur að senda okkur óspart upplýsingar um kórstarfið og það sem er á döfinni á hverjum tíma, sem og ferðasögur og annað sem getur frætt samstarfskóra okkar um fjáraflanir, tilhögun ferðalaga o.fl. Reynslusögur geta gefið góðar upplýsingar og veitt öðrum kórum leiðbeiningar um bestu aðferðina við að skipuleggja uppákomur og að koma sér á framfæri.

Við munum halda áfram við að safna kvennakóralögum og útsetningum í safnið og hvetjum kórana til að aðstoða okkur við það.

Við munu sinna fyrirspurnum og óskum aðildafélaga eins og hægt er og bjóða aftur fram námskeið eða fræðsufundi um afmarkað viðfangsefni. Slíkt verður að jafnaði í boði einu sinni til tvisvar á starfstíma hverrar stjórnar.

Við munum halda áfram að fylgjast með starfi kóra í nágrannalöndum okkar og efla norrænt samstarf.

Við munum ef fjármagn fæst í gegnum aðild okkar að SFH – útbúa Kvennakórasjóð og úthlutunarreglur sem í grófu máli munu hvetja til þess að kórara láti semja fyrir sig lög og útsetningar. Reglurnar munu taka mið af því fjármagni sem til ráðstöfunar verður og verða kynntar á heimasíðu félagsins og í fréttabréfi til aðildafélaga – sem áfram verða gefin út á þessu tímabili.

Stjórn Gígunnar þakkar fulltrúum aðildakóra sambandsins fyrir starf þeirra í þágu íslenskrar menningar og þau góðu samskipti sem þeir hafa átt við landssambandið. Landssamband Kvennakóra byggir alfarið á þessum samskiptum og er vettvangur sameiginlegra mála - með góðri samvinnu nær stjórn Gígunnar að fylgja eftir þeim markmiðum sem aðildafélögin hafa sett henni með lögum.

Fyrir hönd stjórnar Gígunnar, Ásdís Helga Bjarnadóttir”

Skýrslan borin upp til samþykkis og samþykkt samhljóða.

2. Endurskoðaðir reikningar

Ásdís Helga Bjarnadóttir lagði fram og útskýrði reikninga Gígunnar í fjarveru Ernu Gísladóttur gjaldkera. Ársreikningur Gígunnar var borin upp til samþykkis og voru reikningar félagsins samþykktir samhljóða með einni athugasemd frá fundinum. Athugasemdin var sú að greiðsla árgjalda aðildarkóranna stæmmir ekki við uppgjörstímabil Gígunnar. Ákveðið var að gjaldkeri skoði þetta mál. Ákveðið var einnig að senda rukkun á þá kóra sem enn skulda eldri árgjöld. Erna gjaldkeri fara í það mál um næstu áramót þegar árgjaldið verður næst innheimt.

3. Stjórnarkjör

Ásdís Helga Bjarnadóttir kynnti starfandi stjórn, engin stjórnarmeðlimun hefur óskað eftir því að láta af störfum og engar tillögur hafa borist fundinum um nýja stjórnarmenn eða móttframboð í sitjandi stjórn. Stjórn Gígunnar gerir tillögu um að aðal- og varastjórn Gígunnar verið þannig skipuð næsta tímabil:

Aðalstjórn Gígunnar:

Formaður; Ásdís Helga Bjarnadóttir, Freyjukórinn Borgarfirði.

Gjaldkeri; Erna Gísladóttir, Kvennakór Hornafjarðar.

Ritari; Heiða Gunnarsdóttir, Vox feminae.

Meðstjórnandi; Sigrún Óskarsdóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar.

Meðstjórnandi; Fríða Albertsdóttir, Kvennakór Reykjavíkur.

Varastjórn Gígunnar:

Hildur Alexía Pálsdóttir, Vox feminae.

María Vilhjálmsdóttir, Kvennakór Garðabæjar.

Freyja Friðbjarnardóttir, Kyrjukórinn Þorlákshöfn.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Ásdís Helga Bjarnadóttir vildi benda fundinum á það að Gígjan væri landssamband og þess vegna væru stjórnarmenn af öllu landinu. Það væri oft dýrt að fara á milli staða til þess að funda og ekkert sjálfgefið að einstaklingar bæru kostnað af þeim ferðum sjálfir. Fundir væru nauðsynlegir þó svo að stjórnin gerði mikið af því að nota netið til þess að skiptast á upplýsingum. Það þyrfti að gera ráð fyrir því í framtíðinni að sambandið greiddi fyrir fundarkostnað. Málið rætt aðeins á fundinum og ákveðið að stjórn Gígunnar skyldi skoða þessi mál frekar og koma með tillögur.

4. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar hafa borist fundinum. Þessi liður feldur niður.

5. Ákvörðun árgjalds

Fyrir fundinum lá tillaga frá stjórn um að árgjald yrði óbreytt, þ.e. 200 krónur á hvern kórfélaga og miðað yrði við fjölda kórfélaga um áramót. Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

6.1 Vefsetur Gígunnar; <http://gigjan.is/>

Heiða Gunnarsdóttir ritari og umsjónarmaður vefseturs Gígunnar kynnti uppbyggingu vefsetursins fyrir fundarmönnum og svaraði fyrirspurnum um vefsetrið. Stjórn Gígunnar leggur á það áherslu að kórarnir séu duglegir við að senda inn efni og myndir (fréttatilkynningar) af sínu starfi. Á vefsetrinu undir “Aðildarkórar” eiga að vera réttar upplýsingar um hvern kór, kórar eru beðnir um að láta vita ef verða breytingar þar á. Unnið er að því að safna myndum af öllum kórum til að setja inn á vefsetrið. Eins er unnið að því að safna upplýsingum um landsmót til að koma inn á vefsetrið. Allar ábendingar um vefsetrið og fréttir má senda á netfangið heida68[hjá]simnet.is.

6.2 Kynning á SFH, Samband flytjenda og hjómplötuframleiðanda

Margrét Bóasdóttir hélt stutta kynningu á SFH en Gígjan bíður enn eftir því að fá svör við umsóknum um aðild. Samtökin voru stofnuð til þess að fá peninga sem opinberir fjölmiðlar þurfa að greiða fyrir flutning á tónlist samkvæmt lögum. SFH eru í eðli sínu innheimtusamtök og hagsmunir Gígunnar eru miklir. Nokkur umræða varð um málið á fundinum en stjórn Gígunnar mun halda áfram að vinna í málinu.

6.3 Kynnin á nýjum aðildarkór

Valgerður Grímsdóttir hélt stutta kynningu á Kvennakórnum Kyrjunum sem gekk til liðs við Gígjuna á árinu. Kyrjurnar voru boðnar hjartanlega velkomnar í samband íslenskra kvennakóra með lófataki. Hér fylgir kynning Valgerðar á

kórnum:

“Kvennakórinn Kyrjurnar var stofnaður haustið 1997 af konum sem höfðu verið á söngnámskeiði hjá Sigurbjörgu Hvanndal Magnúsdóttur. Fæstar höfðu verið í kór áður. Kórinn skipa um það bil 40 konur og hefur vaxið og dafnað á þessum árum. Einkenni Kyrjanna er að syngja ánægjunnar vegna.

Kórinn hefur komið víða fram og heldur árlega vor- og jólatónleika. Einnig hafa Kyrjurnar sungið við ýmis tækifæri eins og á spítölum, fyrir langveikt fullorðið fólk, tekið þátt í messum og sungið við brúðkaup. Kórinn söng vortónleika með Karlakórnum Þröstum fyrir nokkrum árum. Einnig hefur Alda Ingibergsdóttir sópransöngkona sungið með okkur nokkra jólatónleika.

Kórinn starfar undir stjórn Sigurbjargar Hvanndal Magnúsdóttur. Hún lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 1987 og meistarprófi frá Boston University vorið 1992. Sigurbjörg kennir söng við söngskólann Hjartans mál og er með söngkennslu í tónmennt við Kennaraháskóla Íslands. Hún hefur komið fram á fjölmörgum tónleikum í tengslum við tónleika Kyrjanna sem og við önnur tækifæri.

Undirleikari Kyrjanna er Halldóra Aradóttir, en hún lauk kennara- og einleiksprófi frá Tónskóla Sigursveins árið 1990 og stundaði framhaldsnám í Amsterdam við Sweelinck Conservatorium á árunum 1990 – 1995. Halldóra kennir á píanó og spilar með kórum og hefur tekið þátt í þó nokkrum kammertónleikum.

Kyrjurnar æfa einu sinni í viku yfir veturinn. Raddæfingar fyrir sópran og alt hafa verið til skiptis aðra hvora viku. Nokkrir kórmeðlimir hafa verið í söngnámi. Kórinn hefur árlega farið í æfingabúðir eina helgi á vetri. Í hverri rödd er raddformaður sem er tengiliður við stjórn og kórstjóra.

Kyrjurnar tóku þátt í norræna kvennakóramótinu sem haldið var hér vorið 2000.

Í júní 2003 fóru Kyrjurnar til Marina di Massa á Ítalíu. Það var mikil og góð lyftistöng fyrir kórinn. Frábært að æfa úti í sól og hita. Þar sungu Kyrjurnar við brúðkaup í kaþólskri kirkju, voru með tónleika í kirkju og söngskemmtun í hótengarðinum á 17. júní. Auk þess að vera frábær söngferð eflaðist vinskapurinn í kórnum mikið við þessa miklu og góðu samveru.

Í júní í ár eru Kyrjurnar á leið í til Slóveníu til æfinga og tónleikahalds. Þar mun kórinn syngja á þremur stöðum, við messu, í samstarfi við tónlistaskóla bæjarins og einnig hefur hótelið sem dvalið verður á óskað eftir að Kyrjurnar komi fram þar. Skipulagningin er unnin í samstarfi við Konsúl Íslands í Slóveníu.

Auk stjórnar eru starfandi: Búninganefnd, Ferðanefnd, Fjáröflunarnefnd, Kaffinefnd, Kynninganefnd, Ljósritunarnefnd, Skemmtinefnd og Tónleikanefnd.

Nokkuð vel hefur gengið að skipta störfum niður á kórmeðlimina. Það hafa verið 2 – 4 konur í nefnd. Kórinn hefur sungið og flutt margskonar músík. Gömul íslensk þjóðlög, íslensk og erlend dægurlög, sálma, gospel o.fl. Árið 2007 verða Kyrjurnar 10 ára. Ekki er búið að ákveða hvernig haldið verður upp á afmælið. Framundan eru vortónleikar Kyrjanna sem haldnir verða í Seltjarneskirkju sunnudaginn 14. maí kl. 17. Einnig hefur kórinn verið beðinn um að koma nú í vor og syngja fyrir langveikt fullorðið fólk sem dvelur í sumar/heilsubúðum að Sólheimum í Grímsnesi.”

6.4 Þakkir og hrós

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, Vox feminae vildi koma á framfæri kæru þakklæti til stjórnar Gígunnar fyrir góðan fræðslufund og glæsilegt vefsetur. Hún greindi jafnframt frá því að vinna stæði yfir að safna saman nótum frá kórum til þess að koma inn í læstan nótubanka hjá Tónverkamiðstöðinni. Málið er í vinnslu.

6.5 Kveðja til fundarins frá Gróu

Gróa Hreinsdóttir kórstjóri sendi fundinum boð og lét vita um það að hún kæmist því miður ekki til fundarins en hlakkaði til þess að lesa fundargerðina á netinu.

6.6 Þakkir til stjórnar Gígunnar

Helga Gunnlaugsdóttir, Kvennakór Akureyrar vildi þakka stjórninni fyrir símtölin á árinu. Henni finnst mjög mikilvægt að vera í góðum tengslum við Gíggunna og fá reglulega fréttir af því sem er að gerast með persónulegu símtali frá sínum tengilið og einnig með reglulegum tölvupóstum um það sem er að gerast hjá öðrum aðildarkórum Gígunnar.

6.7 Skipulag æfinga

Hildur Harðardóttir, Kvennakór Suðurnesja lagði fram fyrirspurn til annara kóra um fjölda æfinga, lengd, raddæfingar og almennt um uppbyggingu æfinga. Miklar og góðar umræður spunnust um þessi mál á fundinum og fundarmenn skiptust á upplýsingum og hugmyndum.

6.8 Undirleikarar

Margrét Jóhannsdóttir, Freyjukórnum í Borgarfirði lagði fram fyrirspurn um undirleikara, hversu oft þeir mættu á æfingar hjá öðrum kórum og almennt hver kostnaðurinn væri. Miklar og góðar umræður spunnust um þessi mál á fundinum og fundarmenn skiptust á upplýsingum og hugmyndum.

6.9 Hvað kosta gígg?

María Vilhjálmsdóttir, Kvennakór Garðabæjar lagði fram fyrirspurn um það hvað kórar rukkuðu fyrir "gígg". Hvað stjórnanda og undirleikar væri greitt og hvað stæði þá eftir sem greiðsla til kórs. Miklar og góðar umræður spunnust um þessi mál á fundinum og fundarmenn skiptust á upplýsingum og hugmyndum.

6.10 Upplýsingar um Kvennakór Akureyrar

Helga Gunnlaugsdóttir, Kvennakór Akureyrar vildi koma því á framfæri að ef Kvennakór Akureyrar verður lagður niður þá er það bundið í lögum kórsins að allar eigur kórsins skuli ganga beint til Mæðrastyrksnefndar á Akureyri. Kórin heldur einnig eina tónleika á ári þar sem allur ágóðinn rennur beint til Mæðrastyrksnefndar Akureyrarbæjar.

Fleira ekki gert, aðalfundi slitið kl. 15:30.
Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.